

Umhverfis- og loftslagsstefna

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum – Umhverfis- og loftlagsstefna SMSN árið 2021-2030

Framtíðarsýn

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum ætlar að vera til fyrirmynadar í umhverfis- og loftlagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Embættið og starfsmenn munu leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins sé náð og taka virkan þátt í baráttunni við loftlagsbreytingar.

Markmið

Fram til ársins 2030 mun Sýslumaðurinn á Suðurnesjum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverkum um 40% miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2021.

Ársmarkmið - 2022:

- Að draga úr papírsnotkun um 5 %.
- Draga úr ræsti- og hreinsefnum um 5 %
- Draga úr úrgangssöfnun um 5 %
- Auka úrgangsflokkun um 10 %
- Ljúka 5 grænum skrefum.

3 ára markmið 2021-2023:

- Draga úr rafmagnsnotkun um 5 %
- Draga úr hitaveitunotkun um 5 %
- Halda endurvinnslu í 90 %

Framíðartakmark fram til 2030:

- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 40 %

Umfang og gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri embættisins og varðar alla starfsmenn. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum er með tvær starfsstöðvar, aðalskrifstofu í Keflavík og afgreiðsla í Grindavík. Embættið stefnir að sjálfbærri þróun og vernd umhverfisins í öllu sínu starfi. Að allar úrbætur og endurnýjanir í rekstri og þjónustu taki mið af því að minnka umhverfisáhrif. Draga úr mengun og úrgangi eins og kostur er og halda auðlinda-, orku og efnanotkun í lágmarki. Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu og efla vistvænar samgöngur í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Eftirfylgni

Umhverfis- og loftlagsstefnu er fylgt eftir með innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri, sem hófst hjá embættinu haustið 2020. Umhverfisráð embættisins framfylgir innleiðingu grænna skrefa og heldur utan um þær aðgerðir sem eru til þess fallnar að efla sjálfbæra þróun hverju sinni hjá

embættinu. Í umhverfisráði sitja þrír starfsmenn auk sýslumanns. Árangursmælingar verða gerðar í gegnum Grænt bókhald þar sem upplýsingum um samgöngur, úrgangsmyndun og orkunotkun frá starfsemi embættisins er safnað saman.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar.

Niðurstöðum græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu embættisins er miðlað til starfsmanna og inná á heimasíðu grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana. Þær verða m.a. nýttar til að greina úrbótartækifæri, sýna fram á gagnsemi stefnunnar og til að upplýsa starfsfólk um framvindu og stöðu hennar.

Tenging við núverandi skuldbindingar

Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt er stuðst við uppfærða aðgerðar áætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi.

Kolefnisjöfnun

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2021.

Ábyrgð

Umhverfis- og loftlagsstefna embættisins er rýnd á hverju ári samhliða niðurstöðum úr grænu bókhaldi af umhverfisráði embættisins. Markmið eru uppfært með tilliti til þróunar í losun GHL milli ára. Stefnan er samþykkt af sýslumanni og umhverfisráði embættisins og er birt á heimasíðu embættisins.

Samþykkt af umhverfisráði sýslumannsins á Suðurnesjum, dags. 3. desember 2021.